

# Hörpuland 9 - Orlofshús Eskju



## Upplýsingar og umgengnisreglur

### ALMENNAR UPPLÝSINGAR

- Bústaðurinn er eign Eskju og starfsmaður ber ábyrgð á honum á meðan útleigu stendur
- Framleiga er óheimil
- Allar tegundir reykinga eru bannaðar í húsinu, einnig veip
- Allt dýrahald er óheimilt í húsinu
- Umsjónarmaður hússins er Guðný Jensdóttir, s: 895-4654. Hún býr í Holtalandi 2, hér ofar í hverfinu
- Gestir eru beðnir að sýna tillitssemi varðandi umferð um svæðið og ónáða ekki aðra gesti með óþarfa háreysti og umferð

Hreinsefni eiga að vera í skáp/hillu í geymslu þar sem börn ná ekki til. Ef skortur er á hreinsivörum, eða öðru ábótavant, vinsamlega hafa samband við skrifstofu Eskju.

Tveir gaskútar eiga að vera til í húsinu. Leigjandi þarf að sjá til þess að um leið og kútur tæmist, sé keypt ný áfylling (skrúfað gas frá N1), taka nótu og skila til skrifstofu Eskju, sem greiðir áfyllinguna um hæl.

Heitur pottur: Einfaldur rofi er á vegg við hurð út á pall frá baðherbergi til áfyllingar og tæmingar pottsins. Þar stendur „Tæma pott“ og „Fylla pott“. Hiti er í palli undir potti og lagnir eiga að þola frost.

Stjórnborð fyrir heita pott er í geymslu. Leigutaki þarf ekki að breyta þeim stillingum. Það getur gert illt verra.

### VIÐ BROTTFÖR

- Leigutaka ber að ganga vel um og skilja vel við
- Það þarf að tæma og hreinsa pott fyrir brottför og gæta þess að lok sé fest niður með strekkjara
- Henda rusli í merka ruslagáma (staðsettir ofar í hverfinu neðan við Hótel Hálönd)
- Setja uppþvottavél í gang við skil, þarf ekki að tæma
- Þurrka af bekkjum og borðum
- Tæma allar ruslafötur, bæði í eldhúsi og baðherbergjum
- Hreinsa útigriplið
- Læsa hurðum, loka gluggum og draga niður gardínur
- Taka utan af rúmum og setja óhreinnt lín í körfu í geymslunni
- Setjið óhreinar tuskur í vask í geymslu, ekki í þvottavél
- Gætið þess að geymsla sé læst, lykill á að hanga á snaga í forstofu
- Læsið húsinu með því að lyfta snerli og stimpla inn aðgangskóða á útidyrhurð og ýta á takka með lokuðum lás

Ef hlutir bila/skemmast vinsamlega koma skilaboðum um slíkt á skrifstofu Eskju.

Verði misbrestur á því að hús sé snyrtilegt við brottför, áskilur félagið sér rétt til að bæta þar um á kostnað leigutaka.

## Hörpuland 9 - Orlofshús Eskju



### Öryggiskerfi

Í húsinu er öryggiskerfi sem er tengt til Stjórnstöðvar Securitas hf.

Öryggisverðir Securitas munu bregðast við bruna- og innbrotaboðum frá kerfinu. Mjög mikilvægt er að tilkynna öll falsboð strax til stjórnstöðvar í Síma 533-5533.

Þegar leigutaki kemur að orlofseign er kerfið á verði og er það tekið af verði með því að aflæsa aðalhurð með úthlutaðum aðgangskóða.

Ef brunaboð kemur þarf að fara inn í geymslu og stimpla inn úthlutaðan kóða til þess að slökkva á sírenu og endurstillir kerfið sig ef reykskynjarinn er hættur að nema reyk.

### Aðgangslás

Til að aflæsa hurð þarf að stimpla inn kóðann á talnaborð við útihurð sem leigutaka var úthlutaður.

Til þess að læsa hurðinni þegar orlofseign er yfirgefin þarf að lyfta upp snerli og stimpla inn kóðan á talnaborð við útihurð.